



Starfsáætlun Klébergsskóla

2025-2026

Efnisyfirlit

Stjórnskipulag skólans.....	4
Stefna skólans.....	4
Skólaráð	6
Mannauður	6
Mannauðsstefna.....	6
Fagmennska starfsfólks	7
Ábyrgð og skyldur starfsmanna.....	7
Verksvið starfsmanna	7
Skólastjóri.....	7
Aðstoðarskólastjóri	7
Skrifstofustjóri.....	8
Umsjónarkennari	8
Trúnaðarmenn	9
Símenntun starfsmanna/starfsþróun	9
Framkvæmd símenntunar/starfsþróunar	9
Skipulag skólaársins	10
Skóladagatal	10
Skóladagar	10
Kennsludagar	10
Samræmd próf.....	10
Vettvangsferðir	10
Foreldraviðtöl.....	11
Skipulag kennslu	11
Stundaskrá.....	11
Skipulag	11
Skipulag 1. - 3. bekkur.....	11
Skipulag 4. - 7. bekkur.....	11
Skipulag 8. - 10. bekkur.....	12
Frjálst val í 8. - 10. bekk.....	12
Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein	12
Nemendur með annað móðurmál en íslensku.....	12
Móttökuáætlun nemenda með íslensku sem annað mál	13
Íslenska sem annað mál	13
Náms- og kennsluáætlanir	14
Stefna skólans varðandi heimanám	14
Hlutverk foreldra í heimanámi.....	14
Hlutverk nemenda í heimanámi	14
Hlutverk kennara gagnvart heimanámi	14
Menntastefna Reykjavíkur	15
Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur	15
Mat á skólastarfi	15

Áætlun um innra mat/matsáætlun	15
Ytra mat á skólanum.....	16
Umbótaáætlun skólans	16
Foreldrafélag Klébergsskóla og foreldrasamstarf	16
Stefna skóla í foreldrasamstarfi.....	16
Foreldrafélag	16
Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags	17
Verkefnaskrá	17
Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf	17
Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa	17
Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags.....	17
Nemendafélag skóla.....	17
Stjórn nemendafélagsins	17
Viðburðir og hefðir í félagsstarfi.....	17
Skólareglur og skólabragur	18
Stefna í agamálum – Leiðréttandi hegðunarkerfi.....	18
Skólareglur	18
Viðurlög við brotum á skólareglum	18
Skólabragur.....	18
Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið	19
Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi)	19
Mötuneyti Klébergsskóla.....	19
Stoðþjónusta	19
Einstaklingsnámskrá/einstaklingsáætlun	20
Náms- og starfsráðgjöf	20
Þjónustumiðstöð	21
Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings	21
Sérfræðiþjónusta	21
Sálfræðingur.....	21
Talþjálfun	22
Sérúrræði	22
Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu.....	22
Nemendaverndarráð	22
Hlutverk.....	22
Starfsreglur.....	22
Tómstundastarf.....	23
Ýmsar áætlanir og verklagsreglur	23
Útgefið efni skóla- og frístundasviðs	23
Eineltisáætlun	23
Símenntunaráætlun.....	23
Rýmingaráætlun	23
Viðbragðsáætlun Almannaþingarinnar	24

Röskun á skólastarfi vegna veðurs - viðbrögð við óveðri	24
Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi	24
Tilfærsluáætlun	24
Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa	24
Þróunarverkefni.....	24
Fjölmeningarstefna skóla- og frístundasviðs.....	25
Læsisstefna	25
Sjálfsmatsáætlun	25
Starfsmannahandbók	25
Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur	26
Jafnréttisáætlun	26
Forvarnarstefna	26
Áfallaáætlun	26
Öryggisáætlun	26
Málstefna	27

Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær samdar í samráði við kennara. Starfsáætlun breytist árlega og er meðal annars gerð grein fyrir skóladagatali, þ.m.t. lengd jólaeyfis, páskaeyfis og annarra vetrarleyfa, starfsáætlun nemenda, skólareglum, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Starfsáætlun skólans er árlega lögð fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkur til staðfestingar sem staðfestir gildistöku hennar þegar ljóst er að hún hafi verið unnin í samræmi við lög og reglugerðir, aðalnámskrá, kjarasamninga og ákvarðanir sveitarstjórnar um fyrirkomulag skólahalds. Skólastjóri er ábyrgur fyrir útfærslu þessara ákvæða, fyrir umfjöllun í skólanum og í skólaráði ásamt því að gera skólanefnd grein fyrir með hvaða hætti áætlanir hafi staðist. Starfsáætlun og skólanámskrá skulu vera aðgengilegar öllum aðilum skólasamfélagsins.

Stjórnskipulag skólans

Á Klébergi er allt skóla- og frístundastarf undir einni stjórn. Með stjórn Klébergsskóla fara skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og aðstoðarleiksskólastjóri.

Stjórnendateymi skipa:

Sigrún Anna Ólafsdóttir skólastjóri

Brynhildur Hrund Jónsdóttir aðstoðarskólastjóri

Kristín Sigríður Evertsdóttir aðstoðarleiksskólastjóri

Stefna skólans

Skólahald á Klébergi á sér langa sögu en Barnaskólinn á Klébergi var vígður 19. október árið 1929. Í dag er hér leikskóli, grunnskóli, frístundaheimili, félagsmiðstöð, tónlistarskóli og bókasafn.

Skólasvæðið er víðfeðmt en hér eru börn sem búsett eru í Grundarhverfi, í dreifbýlinu á Kjalarnesi og í Kjósarhreppi. Hér störfum við öll saman á söguslóðum Kjalnesingasögu þar sem örnefnin lifa enn og Esjan gnæfir yfir okkur. Umhverfið er stórkostlegt og nálægð fjalls og fjöru mótar starfshætti okkar. Í leikskólanum eru um 40 börn frá 1 árs aldri og í grunnskólanum eru um 120 nemendur frá 6 til 16 ára.

Samstarf milli leikskólans og grunnskólans er mikið og samkensla er á milli árganga í grunnskólanum. Um 40 nemendur stunda tónlistarnám hjá okkur en nemendur tónlistarskólans sinna námi sínu meðfram öðru námi á skólatíma.

Frístundastarfið í Kátakoti er fjölbreytt og eftir skólaslit grunnskólans tekur sumarfrístundin við. Í félagsmiðstöðinni Flógin er öflugt starf fyrir nemendur á miðstigi og unglingastig tvisvar í viku og stundum erum við með auka opnanir fyrir unglingastigið. Dagskráin er skipulögð af nemendum með leiðsögn og aðstoð frá starfsmönnum.

Í Klébergsskóla er starfrækt [Borgarbókasafn](#) sem opið er tvisvar í viku fyrir almenning en á daginn hafa nemendur greiðan aðgang að bókasafninu.

Klébergsskóli er Grænfánaskóli og hefur sett sér umhverfisstefnu þar sem lögð er áhersla á að auka þekkingu og virðingu nemenda fyrir umhverfi sínu og skapa jákvætt viðhorf nemenda og starfsfólks til umhverfismála. Klébergsskóli er líka heilsuefandi grunnskóli. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Við erum jafnframt með skipulagða hreyfingu, nemendur fara í

sjávargöngu einu sinni á dag og ganga þá einn kílómetra meðfram strandlengjunni fyrir neðan Grundarhverfi. Einnig er lögð áhersla á holt og gott mataræði í skólanum og er farið eftir markmiðum manneldisráðs í þeim efnum. Nemendum stendur til boða að vera áskrifendur af morgunmat en þá býðst þeim að fá hafragraut, ab-mjólk og músli en einnig er ávextir í boði alla morgna. Ef nemendur koma með nesti að heiman þá er lögð áhersla á að nestið sé næringarríkt og hollt.

Undanfarin skólaár hefur teymiskennsla fengið aukið vægi á öllum stigum skólans. Með teymiskennslu er lögð áhersla á að auka samstarf kennara innan árgangs og milli árganga. Með teymiskennslu gefst kennurum kostur á að nýta sína hæfileika og styrkleika betur í samvinnu við samstarfsfólk. Frá árinu 2018 höfum við verið að innleiða leiðsagnarmat í Klébergsskóla og er það enn í þróun. Ný [menntastefna Reykjavíkurborgar](#) er í brennidepli hjá okkur og er samofin allri kennslu. Hjúkrunarfræðingur frá Heilsugæslu Mosfellsbæjar kemur til okkar tvisvar í viku og sér um skólaheilsugæslu. Sálfræðipjónustu og aðra sérfræðipjónustu fær skólinn frá Austurmiðstöð. Einkunnarorðin okkar eru **virðing**, **samvinna** og **metnaður**. Það er svo sannarlega metnaður í gangi hjá öllum á Klébergi, börnum, foreldrum, starfsfólki og nærsamfélaginu, metnaður sem stuðlar að farsælu skólastarfi á Klébergi. Skólasöngur Klébergs felur í sér stefnu skólans í bundnu máli:

Hæ komdu, hæ komdu því nú verður gaman.
Frá fjöru og hátt upp í fjall förum saman.
Í hvínandi vindi og haustlogni hlæjum.
Horfum á fuglana svífa'yfir sænum.

Kléberg er bæði í borg og í sveit
Kléberg bestan skóla ég veit.
Hér eru börnin lifandi ljós
Langt utan úr heimi - frá Kjaló og Kjós.

Hæ komdu, hæ komdu því nú verður gaman.
Frá fjöru og hátt upp í fjall förum saman.
Í hvínandi vindi og haustlogni hlæjum.
Horfum á fuglana svífa'yfir sænum.

Fyrir lífinu öllu við **virðingu** berum.
Í **samvinnu** störfum og allt sem við gerum
saman af **metnaði** framtíð við mótum.
Munum að leika og daganna njótum.

Hæ komdu, hæ komdu því nú verður gaman.
Úr fjörunni kát upp í fjall förum saman.
Í hvínandi vindi og logni við hlæjum.
Horfum á fuglana glaða á sænum.

Texti: Sigþór Magnússon - Lag: Sveinbjörn Grétarsson (2018)

Klébergsskóli byggir stefnu sína meðal annars á áherslum sem settar eru fram í stefnu skóla- og frístundasviðs og vinnur samkvæmt stefnukorti sviðsins þar sem auðlindir, mannauður og verklag er nýtt þannig að stuðlað sé að því að nemandinn öðlist sterka sjálfsmynd og félagsfærni, nemi við öryggi og af gleði og öðlist þannig víðtæka þekkingu, færni og nái árangri sem einkennist af samfélagslegri ábyrgð, virkni og víðsýni að lokinni skólagöngu. Framtíðarsýn okkar á Klébergi er að skapa framúrskarandi aðstæður fyrir börn að vaxa og dafna frá eins árs aldri til 16 ára aldurs í umhverfi sem hvetur til umhverfisvitundar og heilsueflingar.

Skólaráð

Skólaráð skv. [8. gr. grunnskólalaga nr.91/2008](#). Þar segir:

„Við grunnskóla skal starfa skólaráð sem er samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um skólahald. Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans. Skólaráð fjallar um skólanámskrá skólans, árlega starfsáætlun, rekstraráætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið. Skólaráð skal fá til umsagnar áætlanir um fyrirhugaðar meiri háttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla áður en endanleg ákvörðun um þær er tekin. Skólaráð fylgist almennt með öryggi, aðbúnaði og almennri velferð nemenda. Skólanefnd, sbr. 6. gr., getur með samþykki sveitarstjórnar falið skólaráðum einstakra skóla ákveðin verkefni þessu til viðbótar“.

Skólaráð skal skipað níu einstaklingum til tveggja ára í senn, tveimur fulltrúum kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks í viðkomandi skóla, tveimur fulltrúum nemenda og tveimur fulltrúum foreldra, auk skólastjóra sem stýrir starfi skólaráðs og ber ábyrgð á stofnun þess. Skólaráð velur að auki einn fulltrúa grenndarsamfélags til að sitja í ráðinu eða viðbótarfulltrúa úr hópi foreldra. Auk þess skal skólastjóri boða til sameiginlegs fundar skólaráðs og stjórnar nemendafélags að lágmarki einu sinni á ári.

Heimilt er að skólaráð grunnskóla og foreldraráð leikskóla starfi sameiginlega í einu ráði í samreknum leik- og grunnskóla, skv. 45. gr. laga um grunnskóla. Foreldraráð leikskóla skipa þrír foreldrar. Á Klébergi starfa skólaráð grunnskólans og foreldraráð leikskólans saman í einu ráði og hér má sjá nánari upplýsingar [um ráðið](#) og [fundargerðir](#) hér.

Nánar er fjallað um hlutverk ráðsins í [reglugerð 1157/2008](#) og þar segir að skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið.*
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar.*
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið.*
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda.*
- fjallar um skólaeðlun, umgengnishætti í skólanum.*
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað.*
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.*

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ráðið setur sér vinnuáætlun og verkefnaskrá fyrir skólaárið, ákveður hve oft verður fundað, á hvað er lögð áhersla o.s.frv. [Starfsáætlun skólaráðs](#) og [fundargerðir skólaráðs](#) eru birtar á heimasíðu skólans. Hér er hægt að kynna sér [handbók skólaráða](#).

Mannauður

Hægt er að finna upplýsingar um alla [starfsmenn á Klébergi](#).

Mannauðsstefna

Í skólanum vinnur allt starfsfólk saman að farsælu skólastarfi. Lögð er áhersla á uppbyggjandi skólastarf þar sem metnaður ríkir og virðing er borin fyrir öllum nemendum, foreldrum og starfsfólki. Í skólanum er lögð áhersla á allir nái árangri og til þess eru m.a. notaðir fjölbreyttir kennsluhættir. Lögð er áhersla á fjölbreytta kennslu list- og verkgreina sem stundum er samþætt öðrum námsgreinum. Allir starfsmenn skólans eiga að njóta sambærilegra tækifæra til starfsþróunar og símenntunar. Allir starfsmenn skulu bera ábyrgð á að skapa andrúmsloft laust við fordóma af hvaða tagi sem er. Virða ber rétt starfsmanna til að tjá sig ekki um persónuleg málefni, s.s. trúarskoðanir, stjórnmálaskoðanir, kynhneigð eða heilsufar. Þess skal gætt við ráðningar, uppsögn og ákvarðanir

um kjör starfsmanna skólans, að ómálefnalegum ástæðum sé ekki beitt sem rökum gegn starfsmanni, sbr. grein 1.2 í starfsmannastefnu borgarinnar. Þess skal gætt í öllum starfsháttum skólans að starfsmönnum sé ekki mismunað á grundvelli kynferðis, kynhneigðar, aldurs, útlits, ætternis, fötlunar, heilsufars, uppruna, trúar- eða stjórnmálaskoðana. Leitast skal við að mæta þörfum allra kynja. Hér er hægt að lesa meira um [mannauðsstefnu Reykjavíkurborgar](#) sem gildir til ársins 2025.

Fagmennska starfsfólks

Kennarar gegna lykilhlutverki í öllu skólastarfi og hlutverk þeirra er margþætt. Starf kennarans snýst ekki aðeins um kennslu heldur einnig stjórnun, uppeldi, ráðgjöf, rannsóknir og þróunarstörf. Gæði menntunar og árangur skólakerfisins byggist því fyrst og fremst á vel menntaðri og áhugasamri fagstétt kennara. Menntun, þekking, viðhorf og siðferði kennara leggur grunninn að fagmennsku þeirra. Fagmennska kennara snýr að nemendum, menntun þeirra, líðan og velferð ásamt því að vinna í samstarfi við aðra kennara og starfsmenn af fagmennsku. Á kennurum hvílir ekki aðeins sú skylda að mennta og miðla þekkingu heldur einnig að gefa nemendum tækifæri til þess að afla sér þekkingar á eigin spýtur, efla frjóa og skapandi hugsun og skapa jákvætt viðhorf til náms og þekkingarleitar. Kennarar leitast einnig við að skapa góðan og jákvæðan skólabrag, réttlátar vinnureglur og hvetjandi námsumhverfi. Kennarar starfa einnig samkvæmt [siðareglum Kennarasambands Íslands](#) og [lögum um grunnskóla](#). Í 12. grein laga um grunnskóla segir: „Starfsfólk grunnskóla skal rækja starf sitt af fagmennsku, alúð og samviskusemi. Það skal gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki“.

Ábyrgð og skyldur starfsmanna

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um ábyrgð og skyldur starfsfólks. Í því felst að starfsfólk komi til móts við náms- og félagslegar þarfir nemenda og sinni þeim af alúð. Þetta gerir starfsfólk með því að ígrunda starfið reglulega, leita nýrra leiða, afla sér nýrrar þekkingar og sýna þannig stöðuga viðleitni til að læra og gera betur. Mikilvægt er að starfsfólk sýni nærgætni við nemendur, foreldra og samstarfsfólk í hvívetna.

Stjórnendur og starfsfólk bera sameiginlega ábyrgð á að veita sem besta þjónustu og tryggja að markmiðum sé náð. Stjórnendum ber að tileinka sér góða og nútímalega stjórnunarhætti. Þeir felast meðal annars í jákvæðu viðhorfi til samstarfsmanna, virku upplýsingastreymi og dreifingu valds og ábyrgðar. Stjórnandi skal jafnan leitast við að hafa samráð við starfsmenn sína um málefni vinnustaðarins og beita sér fyrir viðtækri sátt um þau. Stjórnendur bera ábyrgð á störfum starfsmanna og stjórnendur eiga að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Hér má sjá [reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í gunnskólum](#) og hér eru [siðareglur starfsmanna Reykjavíkurborgar](#).

Verksvið starfsmanna

Skólastjóri

[7. grein grunnskólalaga](#) kveða á um skyldur skólastjóra:

Við grunnskóla skal vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veitir faglega forystu og ber ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Skólastjóri stuðlar að samstarfi allra aðila skólasamfélagsins. Skólastjóri boðar til kennarafunda svo oft sem þurfa þykir á starfstíma grunnskóla. Kennarafundi sækja kennarar og aðrir sérfræðingar skólans. Skólastjóri boðar til starfsmannafunda svo oft sem þurfa þykir. Skólastjóri gerir tillögur til sveitarstjórnar um fyrirkomulag stjórnunar í grunnskóla með tilliti til þarfa viðkomandi skóla. Skólastjóri ákveður verksvið annarra stjórnenda skólans og skal einn þeirra vera staðgengill skólastjóra.

Aðstoðarskólastjóri

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Tilgangur starfs: Að koma að stjórnun og rekstri skólans. Taka þátt í að þróa skólastarf og önnur störf sem fara fram innan skólans.

Ábyrgðarsvið: Að vera skólastjóra til aðstoðar við almenn stjórnunarstörf þannig að skólastarfið gangi eðlilega fyrir sig. Að sjá um daglega stjórnun skv. skipuriti.

Helstu verkefni aðstoðarskólastjóra eru:

- Er staðgengill skólastjóra og kemur að almennum stjórnunarstörfum eftir þörfum
- Annast framkvæmd mats á skólastarfi
- Annast samskipti við HÍ og móttöku kennaranema
- Þátttaka á stjórnendafundum, nemendaverndarráði, áfallaráði og fagteymisvinna
- Samskipti við barnaverndaryfirvöld
- Samskipti við Menntamálastofnun

Skrifstofustjóri

Næsti yfirmaður: Skólastjóri

Tilgangur starfs: Að veita skrifstofu skólans forstöðu, sjá til þess að gögn varðandi nemendur og bókhald séu skráð og varðveitt. Veita nemendum, foreldrum og starfsfólki venjubundna skrifstofuþjónustu.

Ábyrgðarsvið: Að sjá til þess skrifstofa skólans starfi á fullnægjandi hátt.

Helstu verkefni skrifstofustjóra eru:

- Móttaka þeirra sem eiga erindi á skrifstofu skólans. Símaþjónusta, póstafgreiðsla, ljósritun.
- Tryggir að upplýsingar frá stjórnendum berist örugglega til réttra aðila.
- Ritstjórn og umsjón með heimasíðu skólans
- Ber ábyrgð á skjalavistun skólans (geymsla, skipulag, skráning, frágangur fundargerða).
- Færa og viðhalda nemenda- og starfsmannaskrá svo hún sé sem réttust á hverjum tíma.
- Almenn skrifstofustörf.
- Umsjón með skrifstofuvörum skólans, móttaka og birgðahald.
- Verkstjórn við störf á skrifstofu eftir því sem við á.
- Heldur bókhald yfir þá rekstrarþætti sem honum eru faldir.
- Uppgjör mötuneytis starfsmanna og nemenda.
- Annast innkaup, peningaumsýslu og bankaviðskipti í samráði við skólastjóra.
- Undirbúningur og frágangur ráðningarsamninga, vinnuskýrsla, vinnutímaramma.
- Kannar réttmæti reikninga, yfirfer rétta gjaldaliði og sendir skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar til greiðslu.

Umsjónarkennari

Í 13. grein í [lögum um grunnskóla \(nr. 91, 2008\)](#) er kveðið á um að hlutverk umsjónarkennara sé að fylgjast náið með námi nemenda sinna og þroska, leiðbeina þeim í námi og starfi, aðstoða og ráðleggja þeim um persónuleg mál og stuðla þannig að því að efla samstarf heimila og skóla.

Umsjónarkennari hefur m.a. eftirfarandi hlutverk:

- Leitast við að vera í góðu sambandi við nemendur og foreldra þeirra.
- Er trúnaðarmaður sem nemendur geta leitað til með vandamál sem snúa að náminu, skólanum og öðru. Hann leysir á eigin spýtur smærri vandamál en leitar samráðs um önnur eða kemur þeim í réttan farveg.
- Er talsmaður nemenda við stjórnendur, aðra kennara, starfsmenn og nemendaverndarráð.

- Leitast við að skapa góðan bekkjaranda, réttlátar vinnu- og umgengnisreglur og hvetjandi námsumhverfi.
- Fylgist með skólasókn og grípur til aðgerða gerist þess þörf.
- Skipuleggur viðtöl við foreldra á foreldradögum og hefur tiltækar upplýsingar frá öðrum kennurum.
- Hefur umsjón með undirbúningi og framkvæmd bekkjarkvölda, vettvangsferða og annarra viðburða í bekkjarstarfinu í samstarfi við annað starfsfólk skólans og foreldra eftir því sem við á hverju sinni.
- Annast skýrslugerð, einkunafærslur og afhendingu einkunna.
- Kynnir nemendum skólareglur og ræðir þær.

Trúnaðarmenn

Hlutverk trúnaðarmanns er að vera tengiliður milli stéttarfélags og vinnustaðar. Hann er talsmaður stéttarfélagsins á vinnustaðnum og fylgist með því að kjarasamningum sé framfylgt. Starfsmenn geta leitað til trúnaðarmanns með umkvörtunarefni og hann er tengiliður við atvinnuveitanda í þannig málum. Það er einnig hlutverk trúnaðarmanns að kynna nýjum starfsmönnum þeirra réttindi, starfskjör og starfsemi stéttarfélagsins.

Trúnaðarmaður kennara er: Rakel Linda Kristjánsdóttir (endurkjörin í september 2025)

Trúnaðarmaður starfsmanna (*Sameyki*) er: Ásta Hjálmarsdóttir (2025)

Símenntun starfsmanna/starfsþróun

Frumkvæði starfsmanna, metnaður og árvekni í fræðslu og starfsþróun er lykill að árangri. Í skólanum er stefnt að því að starfsmenn eigi kost á símenntun innan sem utan stofnunar þar sem markmiðið er að auka þekkingu og faglega hæfni sem nýtist í starfi. Það er jafnt á ábyrgð starfsmanns og yfirmanns að viðhalda og bæta fagþekkingu og annarri þeirri sérþekkingu sem nauðsynleg er í starfi.

Framkvæmd símenntunar/starfsþróunar

Samkvæmt 12. grein grunnskólalaga frá 2008 á hver skóli að frumkvæði skólastjóra að móta áætlun til ákveðins tíma um hvernig símenntun starfsfólks skólans skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrár.

Í [kjarasamningi kennara](#) segir m.a. um starfsþróun og starfsþróunaráætlun í kafla 13. Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á ári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem hluti af 102 klst., er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi við kennara.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti en það eru þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Þetta skólaárið höldum við áfram innleiðingarferlinu í leiðsagnarnám. Allt starfsfólk á Klébergi fer í gegnum fjögurra klukkustunda skyndihjálparnámskeið annað hvert ár og mun allt starfsfólk fara á skyndihjálparnámskeið á þessu skólaári. Upprifjun á þáttum regnbogavottunar var í febrúar 2025. Klébergsskóli kappkostar að veita starfsmönnum þekkingu varðandi sérþarfir barna. Á hverju ári fara starfsmenn frá Klébergi á námskeið hjá Ráðgjafar- og greiningarstöð s.s. varðandi þroskafrávik barna. Oft koma tilboð um stutt námskeið sem starfsfólk fer á eftir því sem hægt er, sem dæmi námskeið sem SFS býður upp á ([MÚÚ](#), [MML](#), [Mixtúra](#)). Á Torginu eru fjölmörg hagnýt námskeið.

Starfsmenn Klébergsskóla eru hvattir til að efla sína fagþekkingu og hafa frumkvæði af því að sækja endurmenntun, utan og á starfstíma skólans í samræmi við mismunandi kjarasamninga. Mikill metnaður hefur einkennt starfsfólkið okkar og þess má einnig geta að margir eru í námi með vinnu, bæði styttra starfsnámi og háskólanámi til starfsréttinda. Þetta er mjög ánægjulegt.

Skipulag skólaársins

Skóladagatal

Hér er hægt að sjá [skóladagatal Klébergsskóla](#) fyrir þetta skólaár og [drög að skóladagatali](#) fyrir skólaárið næsta skólaár. Skóladagatalið sýnir þá daga sem nemendur eiga að vera í skólanum, hvaða daga er vikið frá hefðbundnum skóladegi og hvaða daga nemendur eiga frí.

Skóladagar

Lögum samkvæmt á skólaárið að telja 180 nemendadaga. Þar af eru svokallaðir sveigjanlegir eða skertir skóladagar tíu talsins. Þeir geta verið óhefðbundnir og jafnvel styttri en venjulegir skóladagar ef svo ber undir. Skóladagar eru 180 á um ellefu mánuðum. Þar af geta verið 10 dagar með skertri/sveigjanlegri kennslu en þá daga eru nemendur ekki fullan skóladag í skólanum.

Kennsludagar

Vikulegur kennslutími hvers nemanda í grunnskóla skal að lágmarki vera:

- 1.480 mínútur í 8.–10. bekk
- 1.400 mínútur í 5.–7. bekk
- 1.200 mínútur í 1.–4. bekk

Skólastjóri ákveður nánari útfærslu vikulegs kennslutíma í samráði við skólaráð. Við ákvörðun daglegs og vikulegs starfstíma nemenda í grunnskóla skal þess gætt að hann sé samfelldur með eðlilegum hléum og fari ekki fram yfir hæfilegt vinnuálag miðað við aldur nemenda og þroska. Kennslustundafjöldi nemenda ef kennslustund er 40 mínútur:

- 1. – 4. bekk er hann 30 stundir á viku
- 5. – 7. bekk er hann 35 stundir á viku
- 8. – 10. bekk er hann 37 stundir á viku

Samræmd próf

Mennta- og menningarmálaráðuneytið er að vinna í þróun á nýju námsmati sem kemur í stað samræmdra prófa og nefnast þau matsferilspróf, hægt er að lesa um þessa vinnu [hér](#).

Vettvangsferðir

Ef ferðir eru farnar á skólatíma og þær skipulagðar af skólanum eru þær nemendum að kostnaðarlausu. Ferðir sem skipulagðar eru af foreldrum og foreldrafélagi eru ekki greiddar af skólanum. Í skólaferðum gilda skólareglur. Vísað er til 33. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, varðandi gjaldtöku vegna vettvangsferða, en þar segir: „Óheimilt er að taka gjald af nemendum vegna ferðalaga sem flokkast undir vettvangsnám eða eru að öðru leyti hluti af skyldunámi nemenda.“ Komist nemandi af einhverri ástæðu ekki með í skipulagðar vettvangs- eða nemendaferðir er honum ætlað að mæta í skólann til annars skólastarfs. Ávallt skal gera ráðstafanir til þess að nemandi sem ekki kemst í ferðir fái umönnun eða kennslu á meðan á ferðinni stendur og tilkynna foreldrum/forráðamönnum ástæður og tilhögun. Ef ferðalag á vegum skólans stendur yfir nótt þarf skriflegt leyfi foreldra/forráðamanna. Um reglur í ferðum á vegum skólans er fjallað í skólareglum.

Á hverju ári fara nemendur 7. bekkjar í [skólabúðir að Reykjum](#).

Á vordögum fara allir nemendur í vorferð, nemendur á hverju stigi fara saman í dagsferð sem samanstendur af fræðslu og skemmtun.

Tilfallandi ferðir eru farnar þegar tækifæri gefast, ferðir á söfn og viðburði sem eru mismunandi eftir því hvað er í boði.

Foreldraviðtöl

Leiðarljós foreldraviðtala er að nemandi, foreldrar og kennarar eru teymi sem vinna að velferð barnsins. Áhrif foreldra á nám og líðan barna eru óumdeild og foreldraviðtöl eiga að tryggja að allir foreldrar eigi hlutdeild í skólagöngu barna sinna. Foreldraviðtölin okkar eru nemendastýrð og með því eru nemendur að læra að taka ábyrgð á eigin námi og skipuleggja því foreldraviðtölin sín í samráði við kennara.

Í Klébergsskóla er hefð fyrir tveimur viðtalsdögum, að hausti og við annaskil eftir áramót. Nemendur koma með foreldrum sínum í þessi viðtöl sem eru 15 mínútur. Foreldrar og nemendur geta alltaf óskað eftir því að fá fleiri viðtöl.

Skipulag kennslu

Í skólanum er áhersla lögð á einstaklingsmiðun í kennslu og námi nemenda. Kennslan miðar að því að nemendur nái þeim markmiðum sem að er stefnt. Kennslan hjálpar nemendum að tileinka sér þekkingu, skilning og færni á tilteknum sviðum. Í skólastarfinu er lögð áhersla á fjölbreytni í vinnubrögðum og kennsluaðferðum. Kennsluaðferðir og vinnubrögð taka tillit til aldurs, þroska og getu nemenda.

Undanfarin skólaár hefur teymiskennsla fengið aukið vægi á öllum stigum skólans. Með teymiskennslu er lögð áhersla á að auka samstarf kennara innan árgangs og milli árganga. Með teymiskennslu gefst kennurum kostur á að nýta sína hæfileika og styrkleika betur í samvinnu við samstarfsfólk. Árið 2018 byrjuðum við að innleiða [leiðsagnarnám](#) í Klébergsskóla undir stjórn Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og höldum við áfram innleiðingarferlinu í ár.

Allt starf skólans byggir á áherslum í [aðalnámskrá grunnskóla](#) og [menntastefnu Reykjavíkur](#).

Stundaskrá

Allar stundaskrár nemenda er hægt að sjá á aðgangi hvers og eins nemanda á Mentor:

<http://mentor.is>. Einnig er hægt að sjá hér [sjónrænar stundaskrár](#) fyrir hvern bekk inn á heimasíðu Klébergsskóla.

Skipulag

Við skipulag náms og kennslu í skólanum er nemandinn ávallt í öndvegi þar sem megináherslan er lögð á vellíðan og vandaða fræðslu. Nauðsynlegt er að þetta tvennt fari saman enda á hvorugt að geta verið án hins í þróttmiklu grunnskólastarfi. Fjölbreytni námsgreina er mikil og áhersla á að hver og einn fái notið sín og ræktað hæfileika sína. Allir nemendur í Klébergsskóla fara einu sinni á dag í eins kílómetra langa sjávargöngu til þess að auka hreyfingu nemenda á skólatíma.

Skipulag 1. - 3. bekkur

Umsjónarkennarar sinna meirihluta kennslunnar á þessu aldurstigi en faggreinakennarar sinna kennslu í íþróttum, sundi og list- og verkgreinum.

Skipulag kennslu og umsjónar í 1. - 3. bekk er þannig háttað að utan um þessa árganga halda tveir umsjónarkennarar sem bera sameiginlega ábyrgð á starfinu með nemendum. Þeir vinna saman að skipulagi náms og tengslum heimilis og skóla.

Mikið er lagt upp úr hreyfingu, list- og verkgreinum og skipulagðri frístund bæði úti og inni.

Skipulag 4. - 7. bekkur

Skipulag kennslu og umsjónar í 4. - 7. bekk er þannig háttað að tveir umsjónarkennarar halda utan um 4. og 5. bekk og tveir umsjónarkennarar utan um 6. og 7. bekk. 4. og 5. bekkur eru því mikið í samkenndu og það sama gildir um 6. og 7. bekk. Umsjónarkennararnir bera sameiginlega ábyrgð á starfinu með nemendum og tengslum heimilis og skóla. Umsjónarkennarar á miðstigi vinna einnig mikið sama.

Skipulag 8. - 10. bekkur

Skipulag umsjónar í 8. - 10. bekk er þannig háttað að þrír umsjónarkennarar halda utan um árgangana. Samvinna umsjónarkennara er mikil og bera þeir sameiginlega ábyrgð á starfinu í unglingadeildinni og vinna saman að tengslum heimilis og skóla. Íslenska, náttúrufræði, samfélagsfræði og upplýsinga- og tæknimennt er kennt í þema er þá yfirleitt öllum árgöngum kennt saman.

Mikið er lagt upp úr hreyfingu og heilbrigðum lífsháttum í skólanum. Nemendur í unglingadeild sækja íþróttir og sund auk þess sem fjöldi valgreina er í boði þar sem hugað er sérstaklega að þessum þáttum.

Frjálst val í 8. - 10. bekk

Nemendur í 8. - 10. bekk stunda nám í frjálssu vali sem er til viðbótar kjarnagreinunum. Boðið er upp á fjölmargar mismunandi námsgreinar. Lögð er áhersla á að nemendur vandi val sitt og séu meðvitaðir um inntak þeirra námsgreina sem þeir velja. Val nemenda getur styrkt stöðu þeirra við umsókn í framhaldsskóla geti þeir sýnt fram á sérhæfingu í námi sem vísar inn á ákveðnar brautir framhaldsskólans. Í Klébergsskóla eru valgreinar skipulagðar þannig að nemendur geti valið á milli nokkurra valgreina, alls 240 mínútur á viku. Bundið val er 120 mínútur á viku þar sem nemendur velja milli list- og verkgreina. Skólaárinu er skipt í tvö tímabil og er val endurtekið fyrir hvert tímabil fyrir sig þar sem mismunandi valgreinar eru í boði hverju sinni. Þó að valið sé frjálst þá þurfa nemendur að gæta þess vel að vera búnir að velja að minnsta kosti einu sinni eina listgrein og eina verkgrein í bundna valinu.

Nemendum í 9. og 10. bekk býðst að stunda nám í framhaldsskólaáföngum í kjarnagreinunum sex: Íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, samfélagsfræði og náttúrufræði. Undanfari að slíku vali er að nemendur hafi lokið matsviðmiðum 10. bekkjar í viðkomandi grein. Framhaldsskólaáfangar í öðrum faggreinum eru undanskildir, þar sem undanfari þessara faggreina er að nemandi hafi hlotið B í undirbúningsáföngum sem kenndir eru. Framhaldsskólaáfangarnir eru stundaðir í fjarnámi í samstarfi við framhaldsskóla en eru nemendum að kostnaðarlausu, skólinn greiðir skólagjöld og námsbækur.

Skipulagt nám og íþróttaiðkun utan skóla metið sem valgrein

Í lögum um grunnskóla frá 2008 segir: „Heimilt er að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs“.

Með hliðsjón af framansögðu gefst nemendum Klébergsskóla í 8. – 10. bekk kostur á að velja nám við aðra skóla. Klébergsskóli getur viðurkennt slíkt nám sem hluta af valgreinum. Skólayfirvöld telja eðlilegt að viðurkenna nám sem uppfyllir ákveðin skilyrði, enda sé það í anda aðalnámskrár grunnskóla. Nemandi getur sótt um annað formlegt nám að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Ætíð er það samt skólinn sem ákveður endanlega hvaða nám hann viðurkennir sem hluta af valgreinum sínum miðað við lögboðinn kennslustundafjölda á viku. Forsendur fyrir umsókn eru m.a. þær að námið sé formlegt, til sé áætlun um námið, markmið og mat á árangri, tímasókn skráð og að allur

kostnaður sé greiddur af foreldrum. Foreldrar bera ábyrgð á þessu námi barna sinna gagnvart Klébergsskóla og láta vita ef einhver misbrestur verður á.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Þegar erlendir nemendur hefja nám við skólann fer fram móttökuviðtal. Móttökuviðtalið sitja foreldrar, nemandi, túlkur, námsráðgjafi, umsjónarkennari, fulltrúi frá þjónustumiðstöð, fulltrúi frá frístundamiðstöð og aðrir þeir sem nauðsyn er talin á að sitji viðtalið. Afar mikilvægt er að foreldrar sitji viðtalið en ekki skyldmennir eða vinir og að fenginn sé túlkur í öll viðtöl.

Útskýrt er í viðtalinu hvernig fyrirkomulag þjónustunnar við nemandann er fyrstu vikurnar í skólanum. Þá er starf félagsmiðstöðvarinnar kynnt auk þess sem fulltrúi þjónustumiðstöðvarinnar kynnis þjónustuna þar og þá þjónustu sem boðið er upp á í hverfinu.

Heimurinn er hér: [Stefna skóla og frístundasviðs Reykjavíkur](#) um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf.

Mánuði eftir foreldraviðtalið er lagt fyrir nemendur læsisverkefni og talnaskilningsverkefni og er þetta lagt fyrir á þeirra móðurmáli.

Móttökuáætlun nemenda með íslensku sem annað mál

Í 16. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008 segir grunnskólar taka á móti nemendum sem eru að hefja skólagöngu, eru að skipta um skóla eða hefja nám sitt hér á landi samkvæmt móttökuáætlun skóla eða sveitarfélags. Foreldrum skulu á þeim tímamótum veittar upplýsingar um skólagöngu barnsins og skólastarfið almennt og foreldrum með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausum foreldrum greint frá rétti þeirra til túlkajónustu.

Móttökuáætlun vegna nemenda með íslensku sem annað mál skal taka mið af bakgrunni þeirra, tungumálafærni og færni á öðrum námssviðum. Tryggja skal að þessir nemendur og foreldrar þeirra fái ráðgjöf og aðgang að upplýsingum um grunnskólann. Hafa ætti í huga að skólinn er stundum fyrsti og eini tengiliður fjölskyldunnar við íslenskt samfélag. Vönduð móttaka í skólanum getur því skipt sköpum um nánustu framtíð fjölskyldunnar. [Hér](#) er að finna móttökuáætlun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Líkt og aðrir grunnskólar, hefur Klébergsskóli útbúið sér áætlun um móttöku nýrra nemenda, í formi handbókar, sem hefur að geyma allar þær mikilvægu verklagsreglur sem stuðla eiga að farsælli skólabyrjun. Tilgangur þessarar handbókar er að bæta verklag skólans við móttöku nýrra nemenda, gera það enn skilvirkara þannig að nýir nemendur og foreldrar þeirra finni sig velkomna í skólann. Markmið handbókarinnar er jafnframt að veita starfsfólki skólans upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun nýrra nemenda. Hérna er hægt er að nálgast [móttökuáætlun Klébergsskóla](#).

Íslenska sem annað mál

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við nemendur af íslenskum sem erlendum uppruna. [Í kafla 19.4 í aðalnámskrá](#) er fjallað um íslensku sem annað tungumál. Námsgreinin íslenska sem annað mál nær til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er og með mismunandi íslenskukunnáttu og menntunarbakgrunn. Í kennslunni er lögð áhersla á talmál, skilning, hlustun, lestur, ritun, menningarfærni, skólamál og námsfærni. Notaðar eru fjölbreyttar kennsluáðferðir og tekið er mið af aldri og stöðu nemendanna hverju sinni.

Markmið kennslunnar er að nemandi verði fær um að nota íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum og sem grunn undir frekara nám og:

- Noti íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilji aðra.
- Noti íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda.

- Hafi þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna.
- Geti leikið sér með málið og prófað tilgátur um mál og málnotkun.
- Geti lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska.

Náms- og kennsluáætlanir

Náms- og kennsluáætlanir eru settar fram í Mentor og/eða á kennslusvæði nemenda á gskolar og eru aðgengilegar þar fyrir nemendur og foreldra þeirra.

Stefna skólans varðandi heimanám

Heimanám er mikilvægur hluti af námi nemenda. Það stuðlar að betri námsárangri og því er nauðsynlegt að nemendur skilji mikilvægi þess að vinna vel og skipulega. Gott samstarf milli heimilis og skóla er mikilvægt og getur skipt sköpum um árangur í námi. Áhugi, aðstoð og hvatning frá foreldrum er grundvöllur árangurs.

Heimanámi er meðal annars ætlað að gefa forráðamönnum tækifæri til að fylgjast með hvernig börnum þeirra gengur að takast á við nám og gefa foreldrum tækifæri til að fylgjast með því hvaða viðfangsefni verið er að fjalla um í skólanum. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur skýrt fram að foreldrar og forráðamenn beri frumábyrgð á uppeldi barna sinn en jafnframt stendur þar að þeir hópar sem mynda skólasamfélagið vinni vel saman. Einn þáttur þessarar samvinnu er heimanám.

Markmið heimanáms er að:

- æfa lestur
- nemendur þjálfir enn frekar og rifji upp það sem kennt hefur verið í skólanum
- lesa og kynna sér námsefni til undirbúnings
- nemendur læri að taka ábyrgð á námi sínu
- auka og dýpka skilning á námsefninu
- venja nemendur við öguð vinnubrögð í námi
- vinna upp það sem ekki náðist að klára í kennslustundum
- nemendur öðlist smátt og smátt færni í að undirbúa sig fyrir skólann
- veita foreldrum tækifæri til að taka þátt og fylgjast með námi barna sinna

Foreldrar fá upplýsingar um heimanám nemenda, ýmist á síðum bekkjanna eða í tölvupósti. Þar kemur fram áætluð heimavinna nemenda, ýmsar upplýsingar og tilkynningar. Þetta er gert til að nemendur og foreldrar þeirra geti skipulagt heimanámið.

Hlutverk foreldra í heimanámi

Mikilvægasta hlutverk forráðamanna er að skapa gott námsumhverfi heima. Þeir þurfa því að aðstoða börn sín við skipulagningu og að sýna inntaki námsins áhuga með því að ræða um námið við barnið. Því er afar mikilvægt að foreldrar leiðbeini, örvi og hvetji börnin, allt eftir því hvað við á í hverju tilfelli. Ef einhverjar spurningar vakna þá hvetjum við ykkur til að hafa samband við umsjónarkennara.

Hlutverk nemenda í heimanámi

Nemendur skipuleggja heimavinnuna með foreldrum, forgangsraða og skila á réttum tíma. Áætlunargerðin er mjög mikilvæg og kennir barninu að skipuleggja sig. Ábyrgð nemenda eykst með aldrinum en eitt af leiðarljósum menntastefnu Reykjavíkur er að barnið verði virkur þátttakandi í náminu.

Hlutverk kennara gagnvart heimanámi

- Gefur greinargóðar upplýsingar um heimanámið.

- Sér til þess að nemendur viti hvernig á að leysa verkefni og þekki markmiðin.
- Gerir kröfur um vönduð vinnubrögð.
- Fer yfir heimanámið.
- Hefur samband við foreldra/forráðamenn ef þörf er á.

Menntastefna Reykjavíkur

[Menntastefna Reykjavíkurborgar](#) leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi sem byggir á styrkleikum íslensks samfélags. Um leið er henni ætlað að mæta þeim áskorunum er felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Menntastefnan byggir á grunnstefjum [Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna](#) um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Ríkur samhljómur er með menntastefnunni, aðalnámskrám leik- og grunnskóla og nágildandi stefnum skóla- og frístundasviðs og Reykjavíkurborgar.

Helstu áherslur skólans á þáttum menntastefnu Reykjavíkur

Á undanförunum árum hefur verið hugað sérstaklega að því að koma öllum meginþáttum menntastefnu Reykjavíkur inn í alla kennslu. Byrjað var á félagsfærni og sjálfsefningu, heilsuefningin fylgdi fast á eftir sem og læsi og sköpun. Nú er unnið að því að tryggja að þessir þættir menntastefnunnar séu ávallt í forgrunni ásamt öðrum meginmarkmiðum menntastefnunnar.

Við höldum áfram að vinna í verkefninu [Hinseginvænn Grafarvogur og Kjalarnes](#). Árið 2022 fengum við Regnbogavottun fyrir allt skóla- og frístundastarf á Kjalarnesi og munum við halda áfram að vinna af því að koma af stað hópastarfi fyrir hinsegin unglinga í Grafarvogi og Kjalarnesi. Regluleg endurmenntun fyrir starfsmenn fylgir vottuninni og munum við fá námskeið í febrúar 2025 fyrir alla starfsmenn.

Í ár munum við svo halda áfram að festa í sessi leiðsagnarnámið með aukinni fræðslu fyrir alla og innliti í kennslustundir í tengslum við innra matið.

Við munum einnig halda áfram að vinna í þróunarverkefninu um innra mat sem er samstarfsverkefni skóla í Grafarvogi og á Kjalarnesi.

Mat á skólastarfi

Sveitarfélög sinna mati og eftirliti með gæðum skólastarfs, sbr. 5. og 6. gr. grunnskólalaga, og láta ráðuneyti í té upplýsingar um framkvæmd skólahalds, innra mat skóla, ytra mat sveitarfélaga, framgang skólastefnu sinnar og áætlanir um umbætur. Sveitarfélög skulu fylgja eftir innra og ytra mati þannig að slíkt mat leiði til umbóta í skólastarfi. Grunnskólalög kveða á um að hver grunnskóli meti með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Grunnskóli skal birta opinberlega upplýsingar um innra mat, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.

Skólinn á samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá árinu 2008 að framkvæma mat á skólastarfinu árlega og eiga skýrslur og áætlanir um umbætur þess efnis að vera birtar opinberlega.

[Hér](#) má sjá almennar upplýsingar um ytra mat í grunnskólum Reykjavíkur ásamt matsskýrslum.

Kannanir, mat og eftirlit er reglulega unnið í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Það er órjúfanlegur hluti af starfsemi þeirra og áhersla er lögð á að gögnin séu nýtt í innra mati starfsstaðanna. [Hér](#) er samantekt á þeim þáttum.

Áætlun um innra mat/matsáætlun

Í Klébergsskóla er lögð áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við ef betur má fara eins fljótt og auðið er. Innra mat er liður í daglegu skólastarfi og er sífellt í endurskoðun.

Skólar í Grafarvogi og Kjalarnesi byrjuðu skólaárið 2022-2023 að vinna saman þróunarverkefni tengt innra mati og höldum við áfram þeirri vinnu undir leiðsögn fagaðila. Við innra mat nýtum við okkur [gátlista MMS um gæðastarf í grunnskólum](#). Við skoðum gögn og niðurstöður úr Skólapúlsinum, [Íslensku æskulýðrannsókninni](#), viðhorfskönnun foreldra sem framkvæmd er á vegum Reykjavíkurborgar og viðhorfskönnun nemenda sem lögð er fyrir í Klébergsskóla (litlu líðankönnuninni). Við rýnum í [gátlista Menntastefnu Reykjavíkurborgar](#) og skoðum stefnu skólans. Námsárangur nemenda er skoðaður, m.a. niðurstöður úr [Lesfimi](#), Lesmál, Talnalykli, Orðarún, Logos. Við mat á kennslu stiðjumst við við jafningjamat, þar sem kennarar og stjórnendur fylgjast með kennslu og vinna saman að úrbótum. Hér er [greinargerð](#) fyrir innra mat árið 2024-2025.

Ytra mat á skólanum

Engar upplýsingar liggja fyrir um hvenær ytra mat verður næst framkvæmt í Klébergsskóla en árið 2011 fór síðast fram heildarmat fyrir Klébergsskóla.

Umbótaáætlun skólans

Umbótaáætlun Klébergsskóla er byggð á áætlun um innra mat Klébergsskóla. Umbótaáætlun úr þættinum [þrautseigja í námi og trú á eigin getu](#) og úr umbótaþættinum [árangur náms](#) má sjá hér.

Foreldrafélag Klébergsskóla og foreldrasamstarf

Markmiðið með foreldrasamstarfi er að tryggja hagsmuni nemenda með upplýsingamiðlun og samráði foreldra og skóla. Nemandinn öðlast aukið öryggi við að finna gagnkvæmt traust og virðingu milli hinna fullorðnu sem og samræmi í gildum og væntingum heima fyrir og í skólanum.

Foreldrar geta leitað stuðnings hjá þjónustumiðstöðvum við lausn mála sem tengjast skólastarfi, en þar starfa meðal annarra kennsluráðgjafar, hegðunarráðgjafar, félagsráðgjafar og sálfræðingar. Í hverju sveitarfélagi skal í umboði sveitarstjórnar vera skólanefnd sem fer með málefni grunnskóla eftir því sem lög og reglugerðir ákveða.

Heimili og skóli hafa gefið út handbækur fyrir fulltrúa foreldra á öllum skólastigum. Í þeim er lýst starfi foreldrafélaga og foreldra- og skólaráða. [Hér](#) getur þú nálgast Handbók foreldrafélaga grunnskóla.

Stefna skóla í foreldrasamstarfi

Árangursríkt skólastarf byggir á góðri samvinnu og gagnkvæmu trausti heimilis og skóla og er mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Þennan þátt þarf að rækta enda þekkja foreldrar börnin sín best og því er nauðsynlegt að þeir hafi samband við kennara og skólastjórnendur hvenær sem þeir telja þörf á og á sama hátt mun skólinn hafa samband ef þurfa þykir. Við megum aldrei gleyma því að foreldrar eru sterkasti mótunaraðili barnanna og hafa ótvíræð áhrif á hvernig börnin upplifa skólagöngu sína. Því skiptir þátttaka þeirra í námi barnanna verulegu máli. Jákvætt viðhorf er okkur öllum ákaflega mikilvægt. Rannsóknir sýna að nemendur sem alast upp við jákvætt viðhorf heimilisins til skólans standa sig yfirleitt betur í námi og fara út í lífið með jákvæðari viðhorf til tilverunnar en þeir sem búa við neikvætt viðhorf til skólans. Með þessu er ekki verið að segja að foreldrar eigi að sleppa allri gagnrýni, þvert á móti, þeir eiga að skipta sér af og tala þá beint við starfsfólk skólans. Mikilvægt er

að foreldrar hvetji börn sín til dáða og sýni viðfangsefnum þeirra áhuga. Þá er einnig mikilvægt að þeir kenni börnum sínum að sýna kurteisi í garð annarra og koma heiðarlega fram. Á heimasíðu Reykjavíkurborgar eru fjölbættar upplýsingar um [markmið og mtilgang foreldrasamstarfs](#) í grunnskólum.

Foreldrafélag

Við hvern grunnskóla skal starfa foreldrafélag [samkvæmt 9. gr. laga um grunnskóla, 91/2008](#). Skólastjóri er ábyrgur fyrir stofnun þess og sér til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Hlutverk foreldrafélags er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla. Foreldrafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð.

Í [aðalnámskrá grunnskóla](#) kafla 14.2 má sjá frekari upplýsingar um hlutverk og skyldur foreldrafélaga.

Nöfn og netföng stjórnar foreldrafélags

Hér eru allar upplýsingar um hverjir eru í [stjórn foreldrafélags Klébergsskóla](#) og [lög foreldrafélagsins](#).

Verkefnaskrá

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum viðburðum fyrir nemendur, sem dæmi má nefna hrekkjavökuball í samvinnu við félagsmiðstöðina Flógyn og 10. bekk, jólaföndur og bekkjarmyndatökur. Einnig hefur foreldrafélagið það að markmiði að fá fræðslu fyrir foreldra um brýn málefni. Einnig hefur foreldrafélagið boðið nemendum upp á ýmiskonar skemmtun á skólatíma.

Bekkjarfulltrúar og bekkjarstarf

Á fundi með foreldrum eru valdir tveir eða fleiri bekkjarfulltrúar foreldra í hverjum bekk. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að halda utan um og koma að skipulagningu bekkjarstarfs með það að markmiði að styrkja samskipti og vináttu innan bekkjardeilda ásamt því að styrkja samband á milli foreldra í hópnum. Bekkjarfulltrúar og umsjónarkennarar eru í virku og góðu sambandi. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að vera tengiliðir og verkstjórar, þeir:

- taka þátt í starfi foreldrafélagsins og virkja aðra foreldra til samstarfs
- skipuleggja bekkjarskemmtun utan skólatíma til að nemendur og foreldrar hittist
- skipuleggja vinahópa
- skapa vettvang fyrir foreldra til að hittast og kynnast
- mæta á aðalfund foreldrafélagsins sem haldinn er í byrjun skólaárs

Nöfn og netföng bekkjarfulltrúa

Hér er hægt að nálgast [nöfn og netföng bekkjarfulltrúa](#) en bekkjarfulltrúarnir eru kosnir í eitt ár í senn.

Viðburðir á vegum bekkjarfulltrúa og foreldrafélags

Bekkjarfulltrúar standa fyrir viðburðum fyrir bekk eða stig að minnsta kosti einu sinni á hverri önn. Bekkjarfulltrúar halda líka utan um fjáröflun nemenda í tengslum við ferðir í skólabúðir og útskriftarferðir.

Nemendafélag skóla

Í lögum um grunnskóla, [91/2008](#), segir í 10. gr. um starfsemi nemendafélaga við grunnskóla:

„Við grunnskóla skal starfa nemendafélag og er skólastjóri ábyrgur fyrir stofnun þess. Nemendafélag vinnur m.a. að félags-, hagsmuna- og velferðarmálum nemenda og skal skólastjóri sjá til þess að félagið fái aðstoð eftir þörfum. Nemendafélag hvers skóla setur sér starfsreglur, m.a. um kosningu í stjórn félagsins og kosningu fulltrúa í skólaráð skv. 2. mgr. 8. gr.“

Stjórn nemendafélagsins

Hér eru upplýsingar um [stjórn nemendafélagsins og nemendaráðs Klébergsskóla](#).

Viðburðir og hefðir í félagsstarfi

Nemendaráð fundar reglulega. Markmið nemendaráðs er skipuleggja félagslíf nemenda og gæta hagsmuna nemenda skólans.

Skólareglur og skólabragur

Í aðalnámskrá grunnskóla segir í kaflanum um skólabrag að nemendur þurfa að tileinka sér í daglegu lífi ýmsa þætti til þess að vera virkir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi þ.á.m. samskiptahæfni, virðingu, umburðarlyndi auk skilnings á uppbyggingu lýðræðislegs þjóðfélags. Nemendur þurfa að læra að umgangast hvern annan og allt starfsfólk skóla í sátt og samlyndi og taka ábyrgð á eigin framkomu og hegðun og virða skólareglur. Leggja þarf áherslu á námsgagna og sjálfsaga nemenda. Til þess að svo megi verða ber starfsfólki skóla í hvívetna að stuðla að góðum starfsanda og gagnkvæmri virðingu allra í skólanum í samstarfi við nemendur, foreldra og starfsfólk. Efla skal félagsfærni nemenda með því að skapa þeim tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfi. Jákvaður skólabragur er í eðli sínu forvarnarstarf og getur dregið úr neikvæðum samskiptum, s.s. einelti og öðru ofbeldi.

Skólareglur eru unnar með hliðsjón af og í samræmi við [14. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008](#) og [reglugerð nr. 1040/2011](#) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum og [verklagsreglur Reykjavíkurborgar um þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda](#).

Stefna í agamálum – Leiðréttandi hegðunarkerfi

Stefna Klébergsskóla í agamálum kristallast í skólareglum sem byggja á einkunnarorðum skólans, virðing, samvinna og metnaður. Náin samvinna allra aðila skólasamfélagsins með skólareglur að leiðarljósi er stefna okkar. Þegar um alvarlegan vanda er að ræða er unnið samkvæmt [þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda](#).

Skólareglur

Grundvöllurinn að góðu skólastarfi er sá að hver og einn virði náunga sinn sem og sjálfan sig. Mikilvægt er að allir í skólastarfinu hafi tækifæri til að stunda vinnu sína án truflunar og áreitiss annarra. Starfsmenn, nemendur og foreldrar skulu kynna sér skólareglur skólans en ítarlegar upplýsingar um skólareglurnar má sjá á heimasíðu. Skólareglur skólans eru endurskoðaðar á hverju ári. Þær eru kynntar foreldrum á kynningarfundum ásamt því að umsjónarkennarar fara yfir þær með nemendum sínum við upphaf skólaárs. Hér má sjá [skólareglur Klébergsskóla](#).

Viðurlög við brotum á skólareglum

Reykjavíkurborg hefur mótað verklagsreglur varðandi þjónustu við grunnskólanema með fjölþættan vanda og má sjá [hér](#).

Markmið þessara verklagsreglna er að:

- Benda á ábyrgð einstakra stofnana Reykjavíkurborgar við vinnslu mála þar sem vandi nemenda er alvarlegur og fjölþættur.
- Skapa vinnulag sem tryggir skilvirka samvinnu stofnana þannig að hlutverk aðila séu skýr og markmið skilgreind.

Ef nemandi brýtur alvarlega af sér samkvæmt skólareglum viðkomandi skóla og viðurlög við brotinu eru brottvísun úr skóla um stundarsakir eða ótímabundið, sbr. 14. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008 og í reglugerð um ábyrgð og skyldur skólasamfélagsins í grunnskólum nr. 1040/2011.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur gefið út verklag vegna tímabundinnar brottvísunar úr grunnskóla sem má sjá [hér](#) og byggir Reykjavíkurborg verklag sitt á þeim og er vísað í þær að ofan.

Skólabragur

Til þess að öðlast færni í að leysa ágreiningsmál farsælllega þurfa allir að temja sér umburðarlyndi og víðsýni. Lýðræðisleg vinnubrögð og virðing fyrir skoðunum annarra verða því leiðarljós starfsins í skólanum. Nemendur eru hvattir til að leggja sitt af mörkum til að bæta umhverfið og samfélagið. Markmiðið er samkennd og virðing, færni í mannlegum samskiptum og aukinn skilningur. Ávallt er leitast við að styrkja samkennd og samstarf starfsfólks, nemenda og foreldra. Einnig hefur skólinn þá framtíðarsýn að nýta menningarrætur sínar og halda í heiðri ýmsum hefðum sem hafa unnið sér sess í sögu skólans en um leið skapa nýjar hefðir fyrir komandi kynslóðir. Með markvissum hætti er sífellt reynt að nýta auðinn í grenndarsamfélaginu til að endurnýja og styrkja skólastarfið.

Í Klébergsskóla störfum við samkvæmt Olweusaráætlun gegn einelti og er hægt að finna [hérna](#) upplýsingar um forvarnaráætlun okkar gegn einelti.

Hagnýtar upplýsingar um skólastarfið

Klébergsskóli er opinn frá kl. 7:45 – 15:30

Símanúmer: 411 7170

Netfang Klébergsskóla er: klebergsskoli@reykjavik.is

Heimasíða Klébergsskóla er: <https://reykjavik.is/klebergsskoli>

Forfallatilkynningar (veikindi, leyfi)

Tilkynna þarf veikindi fyrir kl. 8:15 með því að skrá veikindi eða óska eftir leyfi í Mentor.is í gegnum aðgang foreldra. Einnig er hægt að hringja í 411-7170.

Ef sækja þarf um lengra leyfi er hægt að sækja um það á foreldraaðgangi á mentor.is. Mikilvægt er að sækja um slíkt leyfi með góðum fyrirvara. Athygli foreldra er vakin á því að *“sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.”* samkvæmt [15. grein laga um grunnskóla](#).

Ef leyfis dagar eru orðnir fleiri en 10 á skólaárinu ber foreldrum/forráðamönnum að sækja um leyfið skriflega og eiga fund með skólastjóra eða staðgengli hans og gera grein fyrir ástæðum fjölda leyfis daga. Að öðrum kosti er skráð fjarvist hjá nemandanum.

Hér er bæklingur fyrir foreldra um [skólasóknarreglur í grunnskólum Reykjavíkur](#).

Mötuneyti Klébergsskóla

Allir nemendur í grunnskólum borgarinnar hafa aðgang að [gjaldfrjálsum hádegismat í grunnskólanum](#) en samt sem áður er nauðsynlegt að skrá nemendur í mat í [Völu](#). [Matseðill Klébergsskóla](#) er birtur á heimasíðu skólans. Í Klébergsskóla er hægt að velja um að vera í mat í fjóra daga, sérstök skráning er fyrir föstudaga. Einnig er boðið upp á morgunmat gegn vægu gjaldi og er skráningin í morgunmat einnig í Völu.

Stoðþjónusta

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og Aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir

þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatímum liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar.

[Hér](#) má sjá reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum má sjá [hér](#).

Helstu hlutverk stoðþjónustu skólans er að styðja við nemendur sem þurfa stuðning á einn eða annan hátt. Þessi stuðningur getur verið í ýmsu formi svo sem tilvísanir í greiningar eða til sérfræðinga, viðtöl við nemendur og foreldra og ýmislegt fleira.

Sérstakur stuðningur við nemendur getur verið:

- Einstaklingsáætlanir.
- Viðtöl, leiðsögn, ráðgjöf.
- Mat og greining á námsfærni.

Þeir aðilar í Klébergsskóla sem sinna stoðþjónustu eru sérkennari og aðrir fagaðilar. Með sérkennurum og öðrum fagaðilum er átt við þá sem hafa sérmenntun til þess að veita sérstakan stuðning í námi og sinna ráðgjöf til umsjónarkennara og annarra grunnskólakennara. Til fagaðila annarra en sérkennara teljast m.a. þroskajálfi, náms- og starfsráðgjafi og þeir sem starfa við þjónustumiðstöð hverfisins og aðrar sérfræðistofnanir.

Innan Klébergsskóla starfar lausnateymi sem í sitja skólastjórnendur, sérkennari og náms- og starfsráðgjafi. Hlutverk teymisins er að leita lausna þegar óskir koma um aðstoð við nemanda og vísa málinu í réttan farveg innan skólans eða til sérfræðipjónustunnar í Austurmiðstöð.

Umsjónarkennari hvers bekkjar/hóps fylgist vel með nemendum sínum í skólanum. Hann er þeim til stuðnings og ráðgjafar í daglegu starfi og fylgist með námsgengi og líðan hvers og eins. Komi upp vandi hjá nemanda sem umsjónarkennari getur ekki leyst úr skal hann vísa máli nemandans til lausnateymis Klébergsskóla. Einnig geta óskir um stuðning eða ráðgjöf komið frá foreldrum.

Einstaklingsnámskrá/einstaklingsáætlun

Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir nemendur ef þörf þykir á að gera verulega breytingu á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluháttum miðað við það sem öðrum nemendum er boðið. Sérkennarar/þroskajálfi og umsjónarkennarar fara yfir stöðu nemenda og vinna síðan áætlun í samráði við foreldra og nemendur. Einstaklingsnámskrá er gerð með hliðsjón af bekkjarnámskrá.

Náms- og starfsráðgjöf

Náms- og starfsráðgjöf er lögbundinn hluti af sérfræðipjónustu skóla. Meginmarkmið náms- og starfsráðgjafar er að auðvelda einstaklingum að átta sig á eigin óskum og vilja og efla færni þeirra til að taka farsælar ákvarðanir um nám og starf. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla vinna náms- og starfsráðgjafar með nemendum, foreldrum, kennurum, skólastjórnendum og öðrum starfsmönnum skólans að ýmiss konar velferðarstarfi er snýr að námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Í Klébergsskóla er náms- og starfsráðgjafi hluti af stoðþjónustu skólans. Hlutverk hans er að vera trúnaðar- og talsmaður nemenda sem og að standa vörð um velferð þeirra og líðan. Faglegt starf hans gengur út á fræðslu og ráðgjöf um nám og störf sem og viðtöl er viðkemur persónulegum málefnum nemenda.

Helstu verkefni sem náms- og starfsráðgjafi sinnir eru:

- ❖ Ráðgjöf og fræðsla um náms- og próftækni
- ❖ Ráðgjöf um náms- og starfsval

- ❖ Leiðsögn varðandi námsbrautaval í framhaldsskóla
- ❖ Persónuleg ráðgjöf við nemendur og stuðningur
- ❖ Ráðgjöf til foreldra og/eða forráðamanna
- ❖ Ráðgjöf til kennara og starfsmanna skólans
- ❖ Fræðsla um forvarnir
- ❖ Móttaka nýrra nemenda
- ❖ Verkefnastjórn og teymisvinna

Náms- og starfsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu varðandi þær upplýsingar sem honum er trúað fyrir í starfi sínu, að undanskyldum ákvæðum í [lögum um barnavernd nr. 80/2002](#).

Náms- og starfsráðgjafi skólans er Írena Styrkarsdóttir. Hægt er að bóka viðtal hjá henni með því að hringja á skrifstofu skólans eða í gegnum tölvupóst á netfangið irena.styrkarsdottir@reykjavik.is. Allir nemendur og forráðamenn þeirra eiga kost á að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa.

Þjónustumiðstöð

Markmiðið með stofnun þjónustumiðstöðvanna er að gera þjónustu borgarinnar aðgengilegri fyrir íbúa og efla þverfaglegt samstarf sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og auka þannig lífsgæðin í höfuðborginni. [Austurmiðstöð](#) er þjónustumiðstöðin sem sinnir íbúum á Kjalarnesi.

Skólaheilsugæsla/viðvera hjúkrunarfræðings

Skólaheilsugæslan er hluti af heilsugæslunni og framhald af ung- og smábarnavernd. Markmið skólaheilsugæslu er að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda með velferð þeirra að leiðarljósi. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál. Starfsemi skólaheilsugæslunnar er skv. lögum, reglugerðum og tilmælum sem um hana gilda. Helstu áherslur í skólaheilsugæslu eru fræðsla, heilsuefning, bólusetningar, skimanir og skoðanir, umönnun veikra og slasaðra barna, ásamt ráðgjöf til nemenda, fjölskyldu þeirra og starfsfólks skólans.

Á [Geðheilsumiðstöð barna](#) er starfrækt skólasvið sem hefur það hlutverk að þróa, leiða og samræma heilsuvernd skólabarna í samráði við heilbrigðisyfirvöld og heilsugæsluna á landsvísi.

[Heilsugæslan í Mosfellsbæ](#) þjónustar Klébergsskóla og Anna Eiríksdóttir er skólahjúkrunarfræðingur Klébergsskóla.

Sími hjá skólahjúkrunarfræðingi: 411 7170

Viðvera hjúkrunarfræðings í skólanum: Miðvikudaga og fimmtudaga frá 8:30-12:00

Netfang skólahjúkrunarfræðings: klebergsskoli@heilsugaeslan.is

Sérfræðiþjónusta

Klébergsskóli fær sérfræðiþjónustu frá Austurmiðstöð.

Kennarar vísa nemendum til sálfræðings í samráði við foreldra með formlegri tilvísun. Foreldrar geta þó einnig leitað aðstoðar að eigin frumkvæði. Allar tilvísanir og beiðnir um aðstoð eru kynntar og ræddar á fundum nemendaverndarráðs sem forgangsraðar verkefnum. Rétt er að benda foreldrum á að mikilvægt er að taka mál til meðferðar áður en þau verða of stór.

Sérkennsluráðgjafar sinna ráðgjöf um sérkennslu eða sértæka aðstoð við barn í grunnskóla þar með talið aðstoð við gerð einstaklingsnámskráa. Kennsluráðgjöf felur m.a. í sér ráðgjöf til starfsfólks grunnskóla um kennsluhætti og skólaþróun.

Austurmiðstöð kemur einnig að málefnum nemenda þegar um er að ræða þjónustu við nemendur með fjölþættan vanda (hegðun og samskipti, skólasókn og ástundun, lögbrot og alvarleg brot á skólareglum) og málið er komið á það stig að leita þarf út fyrir skólann.

Sálfræðingur

Sálfræðingur kemur í Klébergsskóla á mánaðarlega á nemendaverndarráðsfundi og síðan eftir þörfum. Hann sinnir sinni vinnu að miklu leyti í [Austurmiðstöð](#) sem er þjónustumiðstöð Kjalarness. Hægt er að fá viðtal hjá sálfræðingi Austurmiðstöðvar með því að hafa samband beint upp í Austurmiðstöð eða fylla út umsóknareyðublað hjá okkur. Einnig er starfandi sálfræðingur á Heilsugæslunni í Mosfellsbæ en hægt er að fá tíma hjá honum í gegnum heilsugæsluna.

Talþjálfun

Klébergsskóli er þátttakandi í sameiginlegu þróunarverkefni grunnskólanna í Grafarvogi og Kjalarnesi ásamt Austurmiðstöð um talmeinaþjónustu í leik- og grunnskólum hverfanna. Klébergsskóli er því með talmeinafræðing í um 20% starfshlutfalli. Hann sinnir greiningum og þjálfun í samvinnu við foreldra ásamt fræðslu til starfsfólks og foreldra.

Vinna talmeinafræðingsins með nemendum í Klébergsskóla er óháð þeirri þjónustu sem nemendur gætu átt rétt á samkvæmt [Sjúkratryggingum Íslands](#).

Sérúrræði

Meginmarkmið stefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að sem bestri þjónustu við nemendur með sérþarfir í grunnskólum borgarinnar, uppfylla markmið laga og aðalnámskrár um kennslu í samræmi við eðli og þarfir nemenda og að nýta fjármagn til sérkennslu sem best. Þeir sem ekki fylgja námsframvindu sem getur talist eðlileg miðað við aldur fá meiri stuðning og námsaðstoð eftir þörfum. Við úthlutun sérkennslu- og stuðningsfulltrúatímum liggja greiningar, skimanir, námsmat og beiðnir umsjónarkennara og foreldra með rökstuðningi til grundvallar.

Hægt er að sjá nánari upplýsingar um stefnu Reykjavíkurborgar um [skóla án áðgreiningar](#).

[Hér](#) má sjá gátlista og viðmið vegna starfsreglna og áætlana sem reglugerðir með lögum um grunnskóla kveða á um að skólar beri ábyrgð á. [Hér](#) er einnig að finna reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla og [reglugerð](#) um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Heildaráætlun um stuðning í námi og kennslu

Hér má sjá [heildaráætlun Klébergsskóla](#). Í þessari heildaráætlun er gerð grein fyrir ráðgjafar- og stuðningsþjónustu skólans. Annars vegar nær áætlunin til þess hóps nemenda sem greindir hafa verið af viðurkenndum sérfræðingum með fatlanir og/eða hegðunar- og tilfinningalega eða félagslega örðuleika. Hins vegar nær hún til hóps nemenda sem eiga við að stríða viðvarandi hegðunar-, tilfinningalegan eða félagslegan vanda sem ýmist hefur verið greindur af sérfræðingum eða ekki.

Nemendaverndarráð

Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Í ráðinu sitja skólastjórnendur, sálfræðingur skólans, félagsráðgjafi, náms- og starfsráðgjafi og skólahjúkrunarfræðingur. Aðrir aðilar s.s. fulltrúi frá barnaverndaryfirvöldum, þroskaþjálfari, foreldrar og kennarar taka þátt í starfi nemendaverndarráðs þegar tilefni er til.

Hlutverk

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma skipulag og framkvæmd þjónustu við nemendur varðandi skólaheilsugæslu, náms- og starfsráðgjöf, sérfræðiþjónustu auk þess að vera skólastjóra til aðstoðar um framkvæmd áætlana um sérstaka aðstoð við nemendur. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa sem lögð hafa verið fyrir ráðið. Ráðið metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf og boðar á sinn fund umsjónarkennara og foreldra svo og aðra aðila sem tengjast málinu ef þörf krefur. Fulltrúar í nemendaverndarráði geta haft frumkvæði

að því að mál einstakra nemenda séu tekin upp í ráðinu. Ávallt skal vísa málum til ráðsins með formlegum hætti. Starfsfólk skóla, foreldrar, nemendur og fulltrúar sérfræðipjónustu skólans geta óskað eftir því við skólastjóra eða fulltrúa hans í nemendaverndarráði að mál einstakra nemenda eða nemendahópa verði tekin fyrir í ráðinu.

Starfsreglur

Ávallt skal upplýsa foreldra um að máli barna þeirra sé formlega vísað til skólastjóra eða nemendaverndarráðs og leita eftir samstarfi við foreldra um lausn mála eftir því sem framast er kostur. Má gera það með tölvupósti eða símtali. Það er umsjónarkennari sem sér um að haft sé samband við foreldra.

Fulltrúar nemendaverndarráðs geta fundað með óformlegum hætti til að ræða um hvort taka skuli einstaka mál fyrir formlega. Telji nefndarmenn ástæðu til að fjalla á formlegan hátt um einstaka mál skal vísa málinu til ráðsins eftir þeim verklagsreglum sem að framan eru taldar.

Að öðru leyti vísast í [lög og reglugerðir](#) sem snerta starfsemi nemendaverndarráðs.

Tómstundastarf

Félagsmiðstöðin Flógyn starfar undir stjórn skólastjóra Klébergsskóla og er í sama húsnæði og Klébergsskóli. Því er allt félagsstarf skólans og félagsmiðstöðvarinnar samofið.

Í starfi Flógynjar er lögð áhersla á að þjálfa samskiptafærni, auka félagsfærni, styrkja sjálfsmynd og efla samfélagslega virkni og þátttöku. Barna- og unglingalýðræði er hugmyndafræðin sem starfið byggir á og tryggir áhrif barna og unglinga á starfið. Kosningar í miðstigs- og unglingaráð eru í anda þessarar hugmyndafræði en mikilvægasta hlutverk ráðanna er að virkja sem flesta til þátttöku í starfinu ásamt því að standa fyrir og skipuleggja dagskrána.

Allir nemendur í 8.-10. bekk í Klébergsskóla geta boðið sig fram í nemendaráð og fá að starfa með því. Nemendur geta svo boðið sig fram sem formann ráða innan ráðsins og þeir sem fá flest atkvæði verða formenn. Markmið nemendaráðs er skipuleggja félagslíf nemenda og gæta hagsmuna nemenda skólans. [Stefna](#) um frístundapjónustu Reykjavíkur til 2025.

Ýmsar áætlanir og verklagsreglur

Útgefið efni skóla- og frístundasviðs

Á heimasíðu [skóla- og frístundasviðs](#) má finna ýmsar upplýsingar um skólastarf í Reykjavík. Skóla- og frístundasvið veitir börnum og fjölskyldum í borginni heildstæða þjónustu og stuðlar að samfellu í öllu starfi sem hefur velferð barna og fjölskyldna þeirra að leiðarljósi.

Eineltisáætlun

Klébergsskóli starfar eftir áætlun Olweusar um einelt. Eineltisáætlun Olweusar er forvarnaráætlun sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir einelti og andfélagslega hegðun og skapa þannig skólalag að einelti sé ekki liðið. Megininntak áætlunarinnar er fræðsla. Allt starfsfólk skólans fær reglulega fræðslu um það hvað einelti er, hvernig unnt er að vinna gegn því og hvernig skuli bregðast við því einelti sem upp kann að koma. [Hér](#) er tengill á eineltisáætlun Klébergsskóla. Hér er [verkerfillinn þegar tilkynnt er um grun um einelti](#). Hér er [eineltishringurinn](#).

[Hér](#) má svo finna stefnu skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur í eineltismálum auk ítarefnis.

Símenntunaráætlun

Símenntunaráætlun Klébergsskóla tekur mið af nýrri menntastefnu Reykjavíkurborgar næstu árin og innleiðingu á leiðsagnarnámi. Þar fyrir utan sækja starfsmenn styttri námskeið varðandi brýn málefni sem nefnd eru fyrir í þessu skjali.

Rýmingaráætlun

Við hættuástand getur reynst nauðsynlegt að rýma skólann. Í Klébergsskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi, neyðarlýsing og útiljós sem ávallt loga. Grundvallaratriði er að starfsfólk og nemendur hafi æft viðbrögðin þannig að allir viti alltaf fyrirfram hvað þeim ber að gera ef eldur kemur upp. Nauðsynlegt er að allt starfsfólk kynni sér vel [rýmingaráætlun Klébergsskóla](#) og þjálfir nemendur í viðeigandi viðbrögðum.

Viðbragðsáætlun Almanna- og Almannavarna

Viðbragðsáætlanir Almanna- og Almannavarna gegn ýmiss konar vá eins og t.d. jarðskjálfum, eldsumbrotum og inflúensu, má finna á heimasíðu [Almanna- og Almannavarna](#).

Í Klébergsskóla er fjöldahjálparstöð Rauða krossins. [Hér](#) má lesa allt um fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins.

Röskun á skólastarfi vegna veðurs - viðbrögð við óveðri

Upplýsingar um röskun á skólastarfi vegna veðurs er á síðu [slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins](#).

Þó almennt gildi sú regla í skólum Reykjavíkur að skólahald fellur ekki niður þarf stundum að grípa til þess ráðs í Klébergsskóla, sérstaklega þegar þjóðvegurinn um Kjalarnes er lokaður. Upplýsingar um færð á vegum er hægt að nálgast á vef vegagerðarinnar [umferdin.is](#). Þegar nauðsynlegt telst að mati skólastjóra að fella niður skólastarf að morgni dags eru foreldrar og starfsmenn látnir vita eins fljótt og auðið er með SMS skilaboðum sem send eru í gegnum Mentor, einnig er sendur tölvupóstur á alla foreldra.

Reglur um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi

Ákveðnar reglur gilda um kynningar, auglýsingar og gjafir í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Markmið reglnanna er að vernda börn gegn auglýsingum og markaðssókn í skóla- og frístundastarfi. [Hér](#) er hægt að lesa um reglur skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur.

Tilfærsluáætlun

Samkvæmt 17. gr. reglugerðar um [nemendur með sérþarfir í grunnskóla](#) er gert ráð fyrir að kennarar og aðrir fagaðilar, ásamt nemendum og foreldrum/forsjáraðilum þeirra taki þátt í tilfærsluáætlun er miðla að upplýsingum um skólagöngu nemenda, núverandi aðstæður, stöðu og áform þeirra um frekara nám á milli skólastiga. Tryggt er að nemendur með sérþarfir fái aðstoð í skólanum við val á framhaldsskóla og kynningar á þeim tækifærum sem standa til boða í framhaldsnámi.

Upplýsingar um tryggingar vegna slysa og óhappa

[Hér](#) er að finna reglur um endurgreiðslu kostnaðar vegna slysa og tjóna er börn 18 ára og yngri verða fyrir í skipulögðu starfi á vegum Reykjavíkurborgar.

Þróunarverkefni

Þróunarverkefni sem Klébergsskóli vinnur að er Grænáninn, Grænu skrefin, Heilsuefandi skóli, leiðsagnarnám, Sænska stöðumatið, Innra mat og Ný menntastefna Reykjavíkurborgar.

Grænáninn er tákn um virkt umhverfisstarf og er alþjóðlegt umhverfisverkefni þar sem rík áhersla er lögð á lýðræði, þátttöku og virkni. Í Klébergsskóla er starfandi Umhverfis- og heilsuráð sem skipað er fulltrúum nemenda (3. - 10.b) og starfsmanna. Auglýst er eftir fulltrúum í ráðið á hverju hausti.

Unnið er sameiginlega með markmið Grænánans og þróunarverkefnisins Heilsuefandi skóla.

Mikilvægt er að styrkja fyrri umhverfis- og heilsuáhrif þar sem margir nýir nemendur og starfsmenn hafa bæst í hópinn. Í grænánaskóla er m.a. hugsað um nýtni og virðingu fyrir hvort öðru, umhverfinu og náttúrunni. Grænu skrefin er verkefni fyrir stofnanir til að draga úr neikvæðum

umhverfisáhrifum sem hlýst af rekstrinum og að efla umhverfisvitund starfsmanna og nemenda. Grænu skrefin eru nátengd Grænfánanum og því vinnum við þetta saman en vorið 2023 fékk Klébergsskóli samþykkt að hann hafi lokið 4 grænum skrefum.

Heilsueflandi skóli er ætlað að styðja skóla í að vinna markvisst að heilsueflingu í starfi sínu. Í því felst að skapa skólaumhverfi sem stuðlar að andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu og vellíðan nemenda og starfsfólks í samvinnu við heimili og nærsamfélag. Skólar koma sér upp heildrænni og vel skipulagðri heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild. Verið er að vinna í heilsustefnu Klébergsskóla.

Árið 2018 fór Klébergsskóli að vinna eftir leiðsagnarnámi undir leiðsögn Nönnu Kristínar Christansen. Grunnþættir leiðsagnarnáms eru námsmenning, skipulag, áhugi, námsmarkmið, viðmið og fyrirmyndir, samræður og spurningatækni og síðast en ekki síst endurgjöf. Hægt er að lesa meira um leiðsagnarnámið [hér](#).

Undanfarin ár hafa grunnskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi unnið þróunarverkefni um útfærslu innra mats og í ár höldum við áfram þessari þróunarvinnu saman.

Ný menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á grunnstefjum Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess. Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Fjölmenningarstefna skóla- og frístundasviðs

[Heimurinn er hér](#) er stefna skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla og frístundastarf. Megináherslur stefnunnar er fjölbreyttir kennslu- og starfshættir, íslenska sem annað mál og virkt tvítyngi og foreldrasamstarf. Leiðarljós stefnunnar er að öll börn og ungmenni nái árangri í námi og leik, standi vel að vígi félagslega og verði skapað tækifæri til að vera stolt af bakgrunni sínum og menningu.

Læsisstefna

Skólar í Grafarvogi og Kjalarnesi sameinuðust um að marka sér [lestrarstefnu](#). Um er að ræða samstarfsverkefni níu skóla sem halda utan um sameiginleg þróunarverkefni. Meginmarkmið með sameiginlegri lestrarstefnu er að hafa sameiginlega sýn og stefnu til að bæta lestrarfærni nemenda. Lestrarstefnan sýnir almennan kafla um skilgreiningar og þar er gerð grein fyrir helstu lestrarkennsluaðferðum. Leitast er við að setja stefnuna upp á sem aðgengilegasta máta fyrir kennara; hún er heildstæð og miðast við alla bekkigrunnskólans. Stefnan tekur á markmiðum, mati á markmiðum, kennsluaðferðum og skipulagi, viðmiðum um árangur og námsmati og prófum. Í aðalnámskrá segir að lestur sé öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Móðurmál okkar, íslensk tunga og menning tengir saman fortíð þjóðarinnar og nútíð. Tjáning í ræðu og riti er forsenda þátttöku í lýðræðislegu samfélagi.

Sjálfsmatsáætlun

Í Klébergsskóla er lögð áhersla á að fylgjast vel með innra starfi skólans og bregðast við ef betur má fara eins fljótt og auðið er. Innra mat er liður í daglegu skólastarfi og er sífellt í endurskoðun. Á fundum er litið um öxl og athugað hvað hefur gengið vel og hvað mætti betur fara. Niðurstöður úr Skólápúlsum og Olweusarkönnunum eru rýndar þegar þær berast og leitað leiða til umbóta. Fleiri atriði eru rýnd reglulega s.s. lesfimi, Læsi í 2. bekk, Talnalykill, Orðarún, Logos, viðhorfskannanir nemenda og starfsfólks.

[Langtímaáætlun um innra mat](#) Klébergsskóla er gerð í samvinnu við skólana sem tilheyra Austurmiðstöð.

Starfsmannahandbók

Í Klébergsskóla er rafræn handbók fyrir starfsmenn.

Móttökuáætlun fyrir nýja nemendur

Í lögum um grunnskóla [16. grein nr. 91/2008](#) er kveðið á um að allir grunnskólar skuli búa að áætlun um móttöku nýrra nemenda. Móttökuáætlunin þarf að taka mið af bakgrunni nemenda, tungumálafærni og hæfni þeirra á öðrum námssviðum. Jafnframt á áætlunin að tryggja það að nemendur, ásamt foreldrum þeirra, fái upplýsingar um skólann og það starf sem fram fer í honum.

Líkt og aðrir grunnskólar, hefur Klébergsskóli útbúið sér áætlun um móttöku nýrra nemenda, í formi handbókar, sem hefur að geyma allar þær mikilvægu verklagsreglur sem stuðla eiga að farsælli skólabyrjun. Tilgangur þessarar handbókar er að bæta verklag skólans við móttöku nýrra nemenda, gera það enn skilvirkara þannig að nýir nemendur og foreldrar þeirra finni sig velkomna í skólann. Markmið handbókarinnar er jafnframt að veita starfsfólki skólans upplýsingar og ráðgjöf varðandi móttöku og innritun nýrra nemenda. Hægt er að nálgast [móttökuáætlun Klébergsskóla](#).

Jafnréttisáætlun

[Jafnréttis- og mannréttindaáætlun](#) Klébergsskóla nær annars vegar til nemenda skólans og hins vegar til starfsfólks skólans. Stefna Klébergsskóla er að fyllsta jafnræðis sé gætt á öllum sviðum gagnvart einstaklingum innan skólans í samræmi við jafnræðisregluna. Jafnréttismenntun felur í sér gagnrýna skoðun á hugmyndum samfélagsins og stofnunum þess. Í almennum hluta Aðalnámskrá grunnskóla 2011 er fjallað um markmið jafnréttismenntunar. Þar segir „markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þróa á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, umburðarlyndis, víðsýnis og jafnréttis“.

Forvarnarstefna

Forvarnir gegna stóru hlutverki í lögum um grunnskóla (2008) sem og í aðalnámskrá grunnskóla (2013). Í aðalnámskrá grunnskóla (2013) segir að grunnskólar „skuli vinna markvisst að forvörnum og heilsuefningu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda“. Í [forvarnaráætlun](#) Klébergsskóla er vellíðan nemenda höfð að leiðarljósi, það skiptir miklu máli að kennarar og starfsfólk vinni saman og sýni metnað í því að kenna og fræða nemendur um allt það sem viðkemur forvörnum.

Skipta má forvarnarstarfi skólans niður í ákveðna áherslupætti en þeir eru:

- Heilbrigði og velferð
- Sjálfsefning og félagsfærni
- Einelti
- Mannréttindi, lýðræði og jafnrétti
- Ábyrg netnotkun og netöryggi
- Forvarnir gegn ávana- og fíkniefnum

[Forvarnaráætlun](#) barna og ungmenna 2024-2026 er áætlun fyrir ungmenni frá fæðingu til tvítugs, foreldra og allra sem að málefnum þeirra og uppeldi koma.

Áfallaáætlun

Áfallaráð Klébergsskóla samanstendur af skólastjóra, aðstoðarskólastjóra, námsráðgjafa og skrifstofustjóra. Skólastjóri kallar saman áfallaráð og því skal óskum um aðkomu áfallaráðs beint til stjórnenda. Farið er yfir [áfallaáætlunina](#) með öllu starfsfólki Klébergsskóla á hverju skólaári.

Öryggisáæltun

[Handbók](#) um velferð og öryggi barna í grunnskólum er unnin í samvinnu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga með hliðsjón af reglugerð um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og skólalóða nr. 657/2009. Í reglugerðinni segir að sveitarstjórn skuli útbúa handbók fyrir starfsfólk grunnskóla með leiðbeinandi reglum um öryggi barna og slysavarnir í grunnskólum.

Málstefna

Klébergsskóli hefur markað sér [málstefnu](#).

Hér er einnig hægt að lesa nánar um [málstefnu](#) hjá Miðju máls og læsis í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar.

Endurskoðuð í september 2025